

Utan dagskrár um fundarsköp

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Það er um fundarsköp og tilefnið er það að mér er verulega misboðið og það hefur ekki batnað við þessi svör borgarstjóra og ég vil biðja forseta að úrskurða um tvennt. Annars vegar hvort það ætti ekki að teljast til starfsskyldna borgarstjóra á borgarstjórnarfundum, þar sem borgarstjóri situr í umboði borgarstjórnar, að svara þeim spurningum, þó þær séu munnlega fram settar, sem hér er stillt fram af borgarfulltrúum. Mér koma í huga bara örfáar. Í fyrsta lagi hvort borgarstjóri telji það eðlilegt að frambjóðandi til borgarstjórnarkosninga geri ekki grein fyrir styrktaraðilum sínum úr prófkjöri. Í öðru lagi hvort það þurfi ekki að fara í forsögu REI-málsins. Í þriðja lagi málefnalegum spurningum borgarfulltrúa Þorleifs Gunnlaugssonar um það hvort að prinsippið um það að fyrirtæki eigi ekki að bjóða borgarfulltrúum í lax gildi ekki um þau dæmi sem eru í skýrslunni. Í fjórða lagi [forseti slær í bjöllu] og svona gæti ég haldið áfram, er þetta ekki hluti af starfsskyldunum og í öðru lagi þá vil ég fá [forseti slær í bjöllu] úrskurð forseta um það hvort borgarstjóra sé yfirleitt heimilt [forseti slær í bjöllu] yfirleitt heimilt að nýta sér rúman ræðutíma sinn til að hella spurningum [forseti slær í bjöllu] yfir borgarfulltrúa sem ekki geta svarað. [Forseti slær í bjöllu] Úrskurð um þetta tvennt, takk.

Forseti: Borgarfulltrúanum Degi B. Eggertssyni, sem jafnframt er fyrsti varaforseti borgarstjórnar, er fullkunnugt um fundarsköp borgarstjórnar og þarfnast ekki skýringa á því. Til máls tekur borgarstjóri.

Utan dagskrár um fundarsköp

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég skil nú ekki alveg, það hefur marg-, marg-, margítrekað gerst og ég skil ekki alveg hvað borgarfulltrúinn, hann þekkir þennan rétt ágætlega. Borgarstjóri hefur rýmri umræðurétt heldur en aðrir og þegar borgarstjóri lokar umræðunum hefur það mjög gjarnan gerst, og borgarstjóri hefur allar heimildir til þess að draga umræðuna saman. Það er ekkert í því þó borgarfulltrúanum finnst hann núna þurfa að koma upp og skýra eitthvað, það er ekkert í fundarsköpum sem gerir ráð fyrir því að það sé eitthvað takmarkað við það hvernig draga megi saman umræðuna í lokin. Með engum hætti. Þannig að ég skil ekki alveg hvað borgarfulltrúinn, viðkvæmnina í borgarfulltrúanum gagnvart þessu.

Það sem borgarfulltrúinn nefndi, ég held að ég hafi svarað öllum þeim spurningum sem borgarfulltrúinn nefndi og borgarfulltrúinn hristir hausinn. Ég get farið í gegnum þetta fyrir hann aftur. Borgarfulltrúinn spurði um það hvort, og svo er það ekki eitt af starfsskyldum borgarstjóra að svara þeim spurningum eins og í óundirbúnum fyrirspurnum á þingi, það er ekki í starfsskyldum borgarstjóra og það veit borgarfulltrúinn jafn vel og ég því hann hefur gegnt sama starfi. Það stendur hvergi, það er ekki einu sinni á ferðinni óundirbúnar fyrirspurnir með þeim hætti. Borgarstjóri getur tekið saman spurningarnar og svarað þeim síðar eða svarað þeim inni í borgarráði og svo framvegis. Þetta á borgarfulltrúinn að vita, hann sat hér sem borgarstjóri í 100 daga.

Varðandi það sem borgarfulltrúinn nefndi, hann spurði sérstaklega og ég skal bara fara yfir það aftur, ég er með þetta skrifað hérna, ég svaraði honum, við áttum hér orðaskipti fyrr á fundinum, um REI. Þá spurði borgarfulltrúinn, hann sagði: Ég er ósáttur við það, ég tel að niðurstöðum í skýrslu REI-hópsins hafi hugsanlega ekki verið fylgt nægilega eftir á vettvangi Borgarstjórnar Reykjavíkur. Ég sagði við borgarfulltrúann og fór í gegnum það sem hefur komið frá okkar endurskoðendum, frá umboðsmanni Alþingis og fleirum. Sagði jafnframt að ég gæti verið sammála honum um það, og ég sagði honum meira að segja að ég væri búin að setja það í farveg, ég er búin að tala við borgarlögmann um það að það verði teknar saman upplýsingar fyrir borgarfulltrúa um það í hvaða farveg hlutirnir voru settir. Þetta er svar við fyrstu spurningunni.

Síðan lætur borgarfulltrúinn eins og það sé spurning til borgarstjóra, sem ég eigi að svara í krafti embættis míns, hvort mér finnst ekki að borgarfulltrúar sem hér sitja allir, eigi sannarlega að geta þess hverjir styrktu þá í prófkjörum. Það er ekki hluti af embættisskyldum borgarstjóra, Dagur B. Eggertsson, að hafa skoðanir á því. Ég hef lýst þeirri skoðun minni og lýsti því í svari til þín áðan, ég taldi rétt að gera það fyrir sjálfa mig. Ég geri það þannig og hef aldrei legið á því og gefið allar þær upplýsingar. Ég ákvað að gera það þannig fyrir mig. En ég get ekki tekið ákvarðanir um það nákvæmlega með hvaða hætti Samfylkingin heldur á því máli eða Vinstri grænir eða Frjálslyndir eða Framsóknarflokkurinn. Ég hef þá skoðun og ég gerði það gagnvart mér að birta allar þær upplýsingar og það er ekki í hlutverki borgarstjóra að segja borgarstjórn hvernig henni ber að höndla þau mál. Við höfum síðareglur og síðan hefur hver og einn borgarfulltrúi gert þessi mál upp með þeim hætti sem hann hefur kosið að gera. Ég, fyrir mitt leyti, ákvað að gera það með þeim hætti að upplýsa það algjörlega. Og eins og ég hef margsinnis upplýst á þessum vettvangi var það mín skoðun að fyrir mig væri best að gera það þannig. Þannig að ég hef líka svarað því.

Varðandi það sem borgarfulltrúinn nefndi um laxveiðina þá var ég líka búin að svara því. Ég hef svarað því og það kemur fram, það kom fram í fjölmiðlum á þeim tíma og var vitnað í mig, ég hef lýst því yfir og ég tel ekki að borgarfulltrúar eigi að þiggja ferðir sem eru í beinum tengslum af hendum fyrirtækja. Ég segi það í þessu svari hér. Hins vegar var ég að nefna það áðan í umræðunni og ég svaraði Þorleifi Gunnlaugssyni þessu. Þegar borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson segir: ferðin var farin, segir borgarfulltrúinn, á kostnað Baugs. Þá sagði ég á móti: borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem umræðan snýst um, segir að það sé ekki rétt. Borgarfulltrúinn sagði: ferðin var ekki farin í boði fyrirtækis, segir borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, heldur var hún farin í boði vinar og félaga og að honum hafi verið algjörlega ókunnugt um aðkomu tilvitnaðs fyrirtækis að málinu. Ég hef ekki meiri upplýsingar en þær. Þannig að sem borgarstjóri get ég ekki gefið gleggri upplýsingar en þær sem ég gaf í umræddu svari. Ég get ekki gefið gleggri upplýsingar en þær að miðað við þær reglur sem borgin starfar eftir og miðað við þær upplýsingar sem þáverandi borgarstjóri, núverandi borgarfulltrúi, hefur gefið, þá var ferðin ekki farin í boði fyrirtækis. Og borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson dregur í efa að það sé rétt. Ég get ekki

svarað meira fyrir það, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson. Annað en dregið ályktun af þeim upplýsingum sem ég hef. Þannig að ég hef reynt eftir bestu getu, forseti, að svara hér öllum þeim spurningum sem bornar hafa verið til mín sem borgarstjóra en ég get hins vegar ekki svarað því neitt glegggra en ég hef gert hér og er búin að gera það og ég veit að ef borgarfulltrúinn les yfir ræðurnar og það sem ég hef sagt hér í dag þá er ég löngu búin að svara þessu öllu, en ég tel mig nú hafa farið yfir það í annað skipti og í þriðja skipti með sumt og vona að þau svör séu skýr.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Forseti vill, af því tilefni að borgarfulltrúinn óskaði eftir því að hann úrskurðaði um það hvort borgarstjóri hafi svarað fyllilega, upplýsa það sem borgarfulltrúanum mun trúlega vera kunnugt um, að það er ekki á vettvangi og ekki hlutverk forseta borgarstjórnar að úrskurða um það hvort borgarstjóri hafi svarað með þeim hætti sem borgarfulltrúinn telur fullnægjandi, enda voru þær spurningar fyrst og fremst sem hér voru bornar fram af pólitískum toga. Þar að auki vill forseti borgarstjórnar benda borgarfulltrúanum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og þá sérstaklega kaflann þar um málfrelsi, tillögurétt og atkvæðagreiðslu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Óskar borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir eftir að taka til máls?